

Fyrirspurn

til utanríkisráðherra um skýrslu um aðgerðir NATO í Júgóslavíu 1999.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

Hver er afstaða ráðherra til áskorunar mannréttindasamtakanna Human Rights Watch á NATO og aðildarríki bandalagsins þar sem m.a. er farið fram á að:

- a. sett verði á fót óháð og alþjóðleg rannsóknanefnd til að rannsaka þau tilfelli þar sem loftárásir NATO hafi brotið í bága við alþjóðlegan mannúðarrétt,
- b. gerð verði óhlutdræg og sjálfstæð rannsókn á afleiðingum loftárásanna í níu tilvikum þar sem samtökin telja að um ólögmætar aðgerðir hafi verið að ræða,
- c. gerð verði úttekt á því hvernig sálfræðilegur hernaður („psychological warfare strategy“), sem felst í að áreita óbreytta borgara með loftárásum, fari saman við alþjóðlegan mannúðarrétt,
- d. upplýst verði um öll þau tilvik þar sem óbreyttir borgarar féllu af völdum loftárása NATO,
- e. aflétt verði leynd af öllum skýrslum sem gætu upplýst hvers konar vopn voru notuð í hverri árás um sig?